

Hverfisráð Hríseyjar

88. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði miðvikudaginn 25. mars 2015 klukkan 14:00 í Hlein.

Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Anton Már Steinarsson og Linda María Ásgeirsdóttir varamaður í fjarveru Ingibjargar.

Dagskrá:

1. Nettenging.

Ingimar greindi frá því að Albertína F. Elíasdóttir atvinnumálafulltrúi hafði samband við Mílu og Símann vegna nettengingar í Hrísey og fékk þær upplýsingar að Síminn væri að skoða hvernig hægt væri að leysa þetta mál. Hverfisráð mun fylgja málinu eftir.

2. Brothættar byggðir.

Enn er beðið eftir að málin fari að komast á hreint varðandi þetta verkefni. Anton og Ingimar báðir búnir að spyrjast fyrir og engar nýjar fréttir af málinu.

3. Fasteignagjöld gististaða

Hverfisráð telur ekki réttlátt að þeir aðilar sem eru að reyna og hafa áhuga á að reka gististaði í Hrísey þurfi að greiða fyrir það sem atvinnuhúsnæði vegna þess að ekki er hægt að setja þessa aðila við sama borð og á Akureyri þar sem eftirspurn og nýting á húsnæðinu er ekki hliðstæð því sem gengur og gerist á Akureyri. Ákveðið að senda bréf vegna málsins í samstarfi við hverfisráð Grímseyjar til skipulagsyfirvalda.

4. Fráveitugjöld

Hverfisráð lýsir undrun sinni á ævintýrlegum hækkunum á fráveitugjöldum, allt upp í 450% hækkun. Hverfisráð óskar eftir rökum fyrir þessari hækkun.

5. Hlein

Ákveðið að senda bréf á heilbrigðisráðherra varðandi málefni aldraðra í Hrísey og möguleika á að nýta Hlein fyrir þennan málaflokk.

6. Önnur mál.

Hverfisráð harmar þá stöðu sem komin er upp í verslunar- og veitingarekstri í Hrísey þrátt fyrir alla þá vinnu sem búið var að leggja í uppbyggingu til stuðnings versluninni.

Anton greindi frá því að aðstöðuhús á Árskógssandi sé í góðum farvegi.

Staða sjúkraflutninga rædd.

Umræður um fiskeldi í Eyjafirði

Fjörugar umræður um sölu Eydísarinnar. Skiptar skoðanir á málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:00.

Anton Steinarsson

Kristján Ingimar Ragnarsson

Linda María Ásgeirsdóttir

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.